



GREINARGERÐ

Árið 2001 voru samþykktar breytingar á aðal- og deiliskipulagi, sem fólu í sér að tvær einbýlishúsalóðir komu þar sem áður hafði verið gæsluvöllur við Hraungerði. Deiliskipulagsuppdrátturinn hér til hliðar er sá hinn sami og þá var samþykktur.

Á lóðinni nr. 3 er risið hús, sem byggt var í samræmi við skipulag og skilmála. Handhafi lóðar nr. 1 sótti hinsvegar um að fá að byggja hús með brattara þaki en skilmálar leyfðu, en þeir kváðu á um 10 - 14° þakhalla. Skv. ákvörðun umhverfisráðs 22. desember 2004 voru tillöguteikningar umsækjanda settar í grenndarkynningu með bréfi dags. 14. janúar 2005. Engar athugasemdir bárust og var skilmálabreytingin samþykkt í Bæjarstjórn þann 1. mars 2005.

Breytingin felst eingöngu í breyttu ákvæði um þakhalla, en skilmálar og skipulagsuppdráttur gilda að öðru leyti áfram.

Eftir breytinguna verða skilmálarnir svohljóðandi:

Skipulagsskilmálar fyrir einbýlishús

- Á hvorri lóð skulu vera 2 opin bílastæði, staðsett eins og uppdráttur sýnir.
- Einbýlishús skulu vera innan byggingarreits. Að götu er hann afmarkaður með bindandi byggingarlínu og skal a.m.k. hluti húshliðar snerta hana. Bílskúr eða bílskúrshluti húss má þó vera utan aðalbyggingarreits eins og sýnt er með byggingarlínum fyrir bílskúr. Bílskúrar mega vera einfaldir eða tvöfaldir, sambyggðir húsi eða stakstæðir.
- Þök skulu vera með 10° - 30° halla og sömu mænisstefnu og þau hús, sem fyrir eru við götuna (A-V). Hámarkshæð þaka er 4,75 m yfir gólfi (inngangskóta).
- Hámarksnýtingarlutfall einbýlishúsalóða er 0,3.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið meðferð skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, var samþykkt í Bæjarstjórn Akureyrar þann 1. mars 2005.

Akureyrarbær lýsir því yfir að hann tekur að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytingarinnar.

Akureyri, 4. mars 2005,

Kristján Þór Júlíusson (sign.)

Bæjarstjóri

Skýringar:

— — — Skipulagsmörk

— — — Lóðamörk

— — — Bindandi byggingarlína

1H Byggingarreitur, hæðafjöldi


— — — Byggingarreitur/línur bílskúra

△△ Bílastæði á einb. húsalóðum

— — — Gangstígur, Gata

L Leiksvæði

● Opið svæði/trjágróður

 AKUREYRI UMHVERFISDEILD GEISLAGÖTU 9 600 AKUREYRI 462 1000	Gerðahverfi		MKV: A3=1:1000	NR. SN990071 SN040054
	Breyting á skilmálaákvæði (-um þakhalla, Hraungerði 1-3)		ATHS.	STGR.
TEIKNAD FB	YFIRF.	ATHS.		
DAGS. 29.05.2001 - 4.3.05				